

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu heiti Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfest breytt stjórnarsýsluheiti fyrir sveitarfélagið Ólafsfjarðarkaupstað. Nýtt heiti skal vera Ólafsfjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Seljalandsskóla og Heimalands, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir Seljalandsskóla og Heimaland, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir raðhúsi með 4 íbúðum, stækkun skóla, sundlaug og íþróttasvæði auk núverandi bygginga.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 20. desember 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi utan lögbýla í Sveitarfélaginu Árborg, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og vernda gróður í sveitarfélaginu.